

## Áskorun til stjórnvalda í tilefni af Alþjóðadegi félagsráðgjafar 2023 – tryggjum viðunandi húsnæði fyrir öll!

Alþjóðadagur félagsráðgjafar er í dag 21. mars 2023 en árlega taka félagsráðgjafar um allan heim höndum saman til að vekja athygli á mikilvægi félagsráðgjafar og koma á framfæri sameiginlegum skilaboðum. Alþjóðasamtök félagsráðgjafa IFSW hafa um árabil lagt áherslu á félagsráðgjöf og sjálfbærni þar sem umræða er um aðkomu félagsráðgjafar að framkvæmd þessara markmiða. Samtökin hafa sett sér markmið þar sem vakin er athygli á ákveðnum þemum í tvö ár í senn. Skilaboð Alþjóðadags félagsráðgjafar eru í ár: *Respecting Diversity through joint social action*, sem má þýða á þessa leið: *Virðum fjölbreytileika með sameiginlegum félagslegum aðgerðum*.

Á aðalfundi Félagsráðgjafafélags Íslands 2022 var ákveðið að skipa aðgerðarhóp sem hefur meðal annars það hlutverk að hvetja félagsráðgjafa til þess að láta til sín taka í samfélagsmálum. Við undirbúning Alþjóðadags félagsráðgjafar 2023 ákvað félagið að leita til aðgerðarhópsins og var hópurinn sammála um að vekja athygli á alvarlegri stöðu í húsnæðismálum og áhrifum á viðkvæma hópa sem félagsráðgjafar hitta í sínum daglegu störfum. Leitað var til félagsráðgjafa um að senda inn örsögur úr starfi og bárust alls 25 sögur frá félagsráðgjöfum sem starfa innan margvíslegra sviða félagsráðgjafar.

Mikil umræða hefur verið um húsnæðismál á undanförunum misserum og hafa stjórnvöld gripið til ýmissa aðgerða. Þrátt fyrir það hefur ástandið versnað og virðist ekkert lát þar á en dæmi eru um að auglýst leiguverð fyrir þriggja herbergja íbúðir fari yfir lægstu launataxta á almennum markaði.

Húsnæði er ein af grundvallarpörfum hvers einstaklings og er sveitarfélögum ætlað að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi ásamt því að stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjárpar. Skort hefur á stefnumótun í húsnæðismálum og hafa aðgerðir einkennst af viðbrögðum við húsnæðisaðstæðum hverju sinni. Ábyrgð á húsnæðismálum hefur ekki verið skýr og legið bæði hjá sveitarfélögum og ríki með aðkomu margra ráðuneyta og stofnana. Nú hefur ábyrgðin verið færð til innanríkisráðuneytis sem vinnur að grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál. Aðgerðir hins opinbera hafa hingað til ekki gagnast viðkvæmum hópum sem félagsráðgjafar hitta dags daglega svo sem fátækt fólk, tekjulágt fólk, fólk sem treystir á elli- og örorkulífeyri hins opinbera, einstæðir foreldrar, umgengnis foreldrar, flóttafólk og heimilislaust fólk.

Aðgerða er þörf! Félagsráðgjafafélag Íslands hvetur stjórnvöld til að virkja félagsráðgjafa í þá vinnu sem fram undan er svo að okkur auðnist sem samfélagi að tryggja viðunandi húsnæði fyrir öll!

Virðingarfyllst

f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann, formaður